

3.stjórnarfundur haldinn 19.ágúst 2010 kl. 17.00 á skrifstofu sambandsins. Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Birgir, Kári og Gry.

Sigurjón setti fundinn og þakkaði fyrir gjöfina sem sambandinu barst í tilefni af 60-ára afmælis hans.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Útbreiðslunefnd. Nefndin ætlar að heimsækja aðildarfélögin eftir því sem tækifæri gefst og mun byrja á að funda með stjórn Kraftlyftingafélags Akraness. Nefndin ætlar líka að kanna áhuga heimamanna í Borgarnesi á að stofna félag þar.
3. Skráning í Felix. Mjög áriðandi er að ganga frá skráningu allra félaga í Felix sem fyrst.
4. Heimasíða. Stjórnin lýsti ánægju með nýja heimasíðu og Gry falið að gera nauðsynlegar lagfæringar.
5. Reglugerðir. Aðkallandi er að klára vinnu við reglugerðir sambandsins. Ákveðið að kalla saman til vinnufundar um málið í september.
6. Mótanefnd/mótaskrá  
Ákveðið var að ganga til samstarfs við Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar um að halda Bikarmót KRAFT 2010 í tengslum við Icelandic Fitness&Health Expo. Gengið verður frá mótaskrá 2011 fyrir 1.september.
7. Ferðastyrkir. Bréf hefur borist frá ÍSÍ vegna ferðastyrki keppenda.
8. Landsliðsmál. Þrír keppendur munu fara á Norðurlandamótið í kraftlyftingum og bekkpressu í lok ágústs. Ákveðið var að útvega liðinu boli merkta fána og merki sambandsins.
9. Fjármál. Kári gerði grein fyrir samskipti sín við ÍSÍ vegna greiðslu á styrkjum. Gengið verður frá útborgun styrkja á næstu dögum. Ákveðið var að halda sem fyrst sérstakan stjórnarfund um fjármálagrundvöll sambandsins í framtíðinni.
10. Önnur mál. Ábending hefur borist frá Halldóri Jónhildarsyni vegna fréttáflutnings Ungmennafélags Grundafjarðar um „Evrópumót í kraftlyftingum“ á Akureyri í sumar og styrki opinbera aðila vegna þessa, en mótið er ekki á vegum Kraftlyftingasambandsins eða ÍSÍ. Stjórnin ákvað að gera athugasemd við þessa frétt og koma þá skoðun sína á framfæri að opinbert fé fari eingöngu til aðila innan ÍSÍ.

Fundi slitið 19.00

Fundarritari Gry Ek